

Þessi nýlega skýrt frá, að hún vegna hinna miklu starfa, sem hún hafði að leysa af hendi við jarðamatið, hafi enn ekki haft tóm til að semja fyrirtæð lagafrumvarp, en vonar þó að frumvarp þetta muni verða fullgjört þegar í vor eða í sumar.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vær sent Yður þessa auglýsing Vora og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

1857.

27. maí.

13. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.

27. maí.

Vær Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.

Fyrir því skal það frá 1. janúar 1858 vera fastakaupmönnum heimilt, að setjast að á tæðum stað með þeim skilmálum er segir í opnu bréfi 28. desember 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu laga-boði og í lögunum 15. apríl 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konúngsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.

30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konúnginum 27. þ. m. þóknast allramildilegast að samþykkja:

- I. a) að leggja megi fyrir þessa árs alþingi til álits frumvarp það, sem nefnd sú, er kosin var í Reykjavík árið 1855,

1857.
30. maí.

til að lagfæra jarðamatið, sem fór fram á Íslandi 1849 og 1850, hefir samið.

- b) að alþingi síðan ákveði, hverju hundraðatali skuli jafna niður á hinar einstöku sýslur í landinu.
- c) að því næst skuli alþingi þessa sumars falið, að láta jafna hundraðatali sýslanna á hinar einstöku jarðir um land allt, og má í því skyni lengja þingtímann um 8 til 10 daga, ef þörf gjörist.
- d) að starfi þessi verði falinn annaðhvort nefnd þeirri, sem alþing kys til þess, eða hinni áðurnefndu jarðamatsnefnd.
- e) að þegar jarðabókin þannig er alþúin, verði hún lögð fyrir þingið, til þess að það segi um hana álit sitt og samþykki.
- f) að alþingi loksins sé kvadt til að segja álit sitt bæði um það, á hvern hátt, og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi.

II. a) að 500 dala þóknun sé veitt fyrst um sinn hverjum meðlim jarðamatsnefndarinnar fyrir starfa þeirra í jarðamatsmálinu, og að leitað sé álits alþingis um, hvort og að hve miklu leyti ástæða sé til að hækka þessa þóknun annaðhvort fyrir einhvern einstakan nefndarmann eða fyrir þá alla.

- b) að veita megi skrifara nefndarinnar 150 dala aukastyrk, og
- c) að þessa ofanefndu þóknun og aukastyrk megi fyrirfram greiða af fè því, sem ætlað er samkvæmt fjárhagslögunum til aukautgjalda fyrir Ísland, móti því, að fè þetta verði endurgoldið á sama hátt, sem annar kostnaður er leiðir af jarðamatinu.

Um leið og eg sendi herra amtmanninum ofangreindan úrskurð konungs til þóknanlegrar vitundar, vildi eg einnig biðja yður að annast um það sem við þarf samkvæmt honum, og í því skyni sendi eg yður einnig skýrslu nefndarinnar til stjórnarráðsins með fylgiskjöllum, en frumvarp nefndarinnar til nýrrar jarðabókar og hin eldri skjöl málsins eru send yður heðan með bræfum 20. og 24. þ. m.